# Borgarlína bundin í aðalskipulag sveitarfélaga




Aðalfundur SSH  2. desember 2016

Hrafnkell Á. Proppé svæðisskipulagsstjóri

# Aðgerð 2.1.1

*Lokið verði bindingu á legu Borgarlínunnar í aðalskipulagi sveitarfélaganna fyrir árslok 2017, m.a. í samræmi við samkomulag SSH og Vegagerðarinnar frá 17. apríl 2015.*

# Borgarlína

Samgöngumarkmið svæðisskipulagsins þýðir að fjöldi árlegra farþega í almenningssamgöngum mun fjórfaldast á næstu 25 árum. Fara úr 10,7 milljónum farþega á ári í  42,7 milljónir.  Til að það gangi eftir er þörf á afkasta meira kerfi og þéttari byggð.









# Svæðisskipulagið – samþykktar aðgerðir

*2.2.1 Svæðisskipulagsnefnd, í samvinnu við sveitarfélög, greinir nánar og ákvarðar eins og hægt er* ***legu hágæðakerfis almenningssamgangna (Borgarlínu)*** *og útfærslu samgöngu- og þróunarása. Þeirri grunnvinnu skal* ***lokið fyrir lok árs 2016****.*
*.... Samhliða verða uppbyggingaráform endurskoðuð ...*

*2.2.6 ...* ***Sveitarfélögin innleiða*** *að því loknu legu hágæðakerfis og helstu stoppistöðvar almenningssamgangna í aðalskipulagsáætlanir.*

*2.2.9 Vegagerðin taki þátt í nánari greiningu og ákvörðun um legu hágæðakerfis almenningssamgangna og útfærslu samgöngu- og þróunarása.*

Þessar aðgerðir eru einnig hluti af sérstöku samkomulag Vegagerðarinnar og SSH um næstu skref í samgöngumálum á höfuðborgarsvæðinu. Unnið hefur verið að verkefninu í áföngum frá árinu 2014.

# Fyrri áfangi – vinsun leiða




| Leiðarval Borgarlínu | Upptökusvæði | Farþegagrunnur | | Aðgengi að starfsemi (sem hlutfall af allri starfsemi á hbs) | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Akstursleiðir til frekari skoðunar | | Íbúar | Hlutfall af öllum íbúum | Verslun og skrifstofa | Iðnaður | Vörugeymsla | Sérhæft | Annað | Allt |
| | 400m | 79.247 | 37% | 68% | 47% | 24% | 51% | 29% | 51% |
| | 200m | 40.563 | 19% | 51% | 30% | 18% | 15% | 15% | 26% |

# Seinni áfangi – festing línu, tillögugerð





COWI skilar skýrslu og sínum frumtillögum í janúar 2017

# Skipulagsferlið



# Helstu þátttakendur í skipulagsferlinu

| Sveitarfélög | SSH | Ríkið |
|---|---|---|
| • Skipulagsdeildir<br>• Skipulagsráð/nefndir<br>• Sveitastjórnir | • Skrifstofa SSH<br>• Svæðisskipulagsnefnd<br>• Stjórn SSH | • Vegagerðin<br>• Skipulagsstofnun<br>• Umhverfisráðuneytið |

# Hvað felst í skipulagsákvörðuninni

## Samgöngur

- Festa í sessi nýjan innvið – Borgarlínu – sem mun gera sveitarfélögum kleift að ná markmiðum sínum um stóraukna hlutdeild almenningssamgangna á höfuðborgarsvæðinu.

## Uppbygging

- Heimila aukna uppbyggingu meðfram Borgarlínunni.
- ***„Jafnframt munu sveitarfélögin haga skipulagsmálum og uppbyggingu íbúða- og athafnasvæða þannig að þær aðgerðir beinist einkum að áhrifasvæðum Borgarlínunnar og styrki þannig meginforsendur verkefnisins.“***